



## Thor Thors Bréf 16 og 28 janúar 1941, 11 maí og 15 nóvember 1942

---

Bjarni Benediktsson – Thor Thors Bréf 16 og 28 janúar 1941, 11 maí og 15 nóvember 1942 –  
Útflutingsbann á öllum járn og stálvörum – Utanríkisráðuneytið - Hitaveitumálið – Jónas Jónsson –  
Ólafur Lárusson

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnámálamaðurinn  
Askja 2-8, Örk 2

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

CONSULATE GENERAL  
OF ICELAND



THE ICELANDIC GOVERNMENT TRADE COMMISSIONER

FULLER BUILDING - MADISON AVENUE AT 57TH STREET

NEW YORK CITY

PLAZA 5-7033-4  
CABLE ADDRESS - KARLSEFNI

erfiðari, vegna vaxandi vopnaframleiðslu. Það er nú útflutningsbann á öllum járn og stálvörum, og þarf sérstakt leyfi hverju sinni. Eg sá í einu aðal blaðinu hér í dag, að 30 þúsund umsóknir fyrir slíkum vörum liggja nú í bunka í Washington. Utanríkisráðuneytið í Washington hefir þó tilkynnt mér, að Íslendingar muni fá það af þessum vörum, sem þeir óski. En það er þá alveg víst, að best er að hraða þessu máli, ef það á að koma hingað, því að svo ört getur vopnaframleiðslan aukist, að mikið erfiðara verði um útflutningsleyfi, og ennfreður geta Bandaríkin beinlínis lennt í stríðinu, og þá törveldast siglingar, og loks er líklegt, að verðlag á þessum vörum fari hækkandi. Eg spurði þá ennfreður, hvort þeir vildu taka greiðsluna í sterlings-pundum, en þeir sögðust hafa haft ýmsar fyrirspurnir um hið sama, en öllum afdráttarlaust neitað. Þeir hefðu ekkert við pund að gera. Eg spurði þá ennfreður, hvort þeir vildu lána efnið til nokkurra ára, en því neituðu þeir einnig, en töldu hinsvegar auðvelt fyrir mig að útvega lán hjá bönkum hér, og er ég þeirrar skoðunar, að það gæti tekist. Í Washington er sérstakur banki, sem lánar til landa, sem Bandaríkin eru vinveitt, til vörukaupa hér í landi. Þessi banki heitir Export-Import Bank. Þar fékk Ísland í vor loforð fyrir einni milljón dollara. Af þessu hefir enn ekki verið notað nema um 600 þúsundir, ríkisstjórnin hefir ekki viljað stofna til frekari lána hér, og nú er þegar byrjað að afborga nokkuð af þessum 600 þúsundum. Það væri því auðvelt að nota eftirstöðvarnar, þessa 400 þúsund dollara, til greiðslu á efninu í hitaveituna. Ólafur og Jakob Möller þekkja lánskjörin, en ennfreður held ég að unt væri í þessum banka að fá nýtt lán til þessara kaupa, en á þessum stað yrði það sennilega að takast í nafni ríkisins, og ríkið síðan að lána bænum. En auk þess held ég að unt væri að fá lán, jafnvel fyrir bæinn einann, til þessara sérstöku vörukaupa. Hér er nóg af peningum og vextir lágir, það jafnvel svo, að bankarnir telja það beinlínis greiða, að hirða fé af fólki til geymslu, og greiða enga vexti af því.

Eg hefði á þessu stigi talið réttara að skrifa þér en að síma. Eg þarf að fá að vita hjá þér símleiðis, eftir móttöku þessa bréfs, í fyrsta lagi hvort ég á ekkert að gera. Þá símar þú mér t.d. "buying elsewhere" eða "not interested", og er þá málið fallið niður af minni hendi. Eða ég þarf að fá að vita hvað ég má gera, á ég að leita tilboðs hjá þessu eina firma, eða bjóða efnið út? Má ég leita láns, og þá, á það að vera í nafni ríkisins eða bæjarins, með eða án ríkisábyrgðar?

CONSULATE GENERAL  
OF ICELAND



THE ICELANDIC GOVERNMENT TRADE COMMISSIONER

FULLER BUILDING - MADISON AVENUE AT 57TH STREET

NEW YORK CITY

PLAZA 5-7033-4  
CABLE ADDRESS - KARLSEFNI

Þú spyrð um mitt álit á málinu. Eg tel enga hættu að bjóða út þegar í stað, jafnvel þó efnið ætti að koma frá Englandi eða Danmörku. Hinsvegar tel ég rétt að gera sem minnst í að rannsaka lánsmöguleika, fyr en við vitum endanlega að efnið verður að kaupast hér. Eigi að leita tilboðs frá U.S. Steel einu, bið ég þig að síma "telegraph offer unitedsteel", en eigi éðg hinsvegar að leita tilboðs víðar, bið ég þig að síma mér "solicit offers various firms". Eg vil svo að lokum geta þess útaf hitaveitunni, að ég tel, að ennþá séu hér allar leiðir færar hér, efnið er fáanlegt og peningarnir líklega einnig, Ísland nýtur hér velvildar og trausts, miklu meira en áður, þegar landið mátti heita óþekkt hér. [Eg veit, að það er óþarfi fyrir mig að minna þig á, hversu geysi þýðingarmikið er að ljúka hitaveitunni nú í sumar, þegar þess er gætt, að ófriðurinn getur staðið lengi. Þetta álit ég vera eitt mesta nauðsynjamál þjóðarinnar, og það er einnig þýðingarmesta mál Sjálfstæðisflokksins, bæði vegna Alþingis-kosninganna í sumar, og vegna bæjarstjórnarkosninganna næsta vetur. Helst þyrfti efnið að vera komið heim til Íslandsog vinnan í fullum gangi fyrir Alþingis-kosningarnar.

Af mér er eiginlega allt gott að fréttu, en til þess að einkaritari minn endist til annara skrifta, nenni ég ekki að fjöl-yrða um mína hagi. Eg veit að þú hefir mikið að starfa, en einnig það, að þú munir fella þig vel við hin stóru verkefni í hinu nýja starfi þínu.

Með bestu kveðjum,  
þinn einlægur vinur

*Thor*



CONSULATE GENERAL  
OF ICELAND

THE ICELANDIC GOVERNMENT TRADE COMMISSIONER

solicit offers various firms  
~~to~~ to be prepared all eventualities  
without having abandoned hope  
Copenhagen.

without having abandoned hope  
Copenhagen and to be prepared  
all eventualities solicit offers  
various firms

CONSULATE GENERAL  
OF ICELAND



THE ICELANDIC GOVERNMENT TRADE COMMISSIONER

FULLER BUILDING - MADISON AVENUE AT 57TH STREET

NEW YORK CITY

PLAZA 5-7033-4  
CABLE ADDRESS - KARLSEFNI

New York, 16. janúar 1941.

[ Kæri vinur :

Bestu þakkir fyrir bréf þitt, dagsett 9. des., sem kom ásamt hinu bréfinu um hitaveituna. Ég vil þá byrja með því að óska þér gleðilegs árs og þakka fyrir gömlu árin. Jafnframt vil ég alveg sérstaklega óska þér til hamingju með þitt nýja og veglega starf, og veit ég að þú munt mikið afreka í því. Það var sorglegt, að Pétur skyldi falla frá svona snemma, en þýðir ekki að fárast yfir því, og það er lífsins gangur, að maður taki við af manni. Og nú er full þörf ungra og mikilla starfskrafta í borgarstjórnastöðunni í Reykjavík, sem enn má víst telja höfuðvígi Sjálfstæðisflokksins.

Um hitaveituna vil ég fyrst og fremst vísa til hins opinbera bréfs, sem ég skrifaði þér frá skrifstofunni í dag. Vegna þess hversu mér virðist þið ennþá óráðnir heima um útvegum efnisins hér, hef ég mjög lítið þorað að gera í málinu. Ég skil það mata-vel, að þið viljið bíða í lengstu lög, til að fá úr því skorið, hvort efnið fæst ekki frá Kaupmannahöfn. Það er auðvitað lang einfaldasta leiðin, ef fær væri, og málaþras eftir á við verktakann ætti þá að vera útilokað. Einnig get ég skilið, að þægilegt væri að fá efnið frá Bretlandi, til þess að geta notað eitthvað af þeim pundum, sem nú safnast fyrir þar, og ekki er að vita hvers virði reynast að stríðinu loknu. Það sem ég hef þó gert í málinu er það, að ég hef talað við eitt af stærstu firmunum, United States Steel Export Company hér í New York, en ég er persónulega kunnugur framkvæmdastjórum þess, og sýnt þeim útboðslýsinguna í trúnaði. Ég sagði þeim í fyrsta lagi, að ekki væri ennþá ráðið hvort efnið yrði keypt hér í Bandaríkjunum, því ennþá væru möguleikar, bæði í Danmörku og Bretlandi. Í öðru lagi sagði ég þeim, að ef til kæmi, yrði efnið sennilega boðið út. En ég þyrfti að fá að vita hjá þeim, hvort þeir vildu selja efnið eða útvega það, ef að því ráði yrði horfið. Þeir kváðust ýmist sjálfir geta selt eða bent á firmu, sem útvega vildu allt efnið, en þeir benntu á, að hraða þyrfti þessu máli, þar sem útflutningur á stálvörum yrði stöðugt

28. janúar 1941.

Kæri vinur.

Ég var í þessu að fá bréf þitt, dags. 16. þ.m., embættisbréfið er ég enn ekki búinn að fá. Þar sem nú munu vera allra síðustu forvöð til að skrifa með Dettifossi ætla ég aðeins að skrifa örfaar línur.

Hitaveitumálið hefir hjakkað í sama farinu. Átið vonin um að fá efnið frá Höfn, en alltaf vantað herzlumuninn. Líklegasta leiðin upp á síðkastið hefir verið að tengja þetta við vöruflutninga til Svíþjóðar og í gær kom skeyti þar sem sagt er, að nú hafi Þjóðverjar samþykkt að skip, sem liggur í Gautaborg megi taka vörurnar og koma með þar hingað. Nú vantar að vísu endanlegt leyfi Englendinga, en þetta er þó mjög í rétta átt, því að frá því að landið var hertekið hefir aldrei fyrr en nú legið fyrir samþykki Þjóðverja, þar sem Bretar hafa oft aður veitt leyfi þótt arangurslaust hefi orðið. Enn geta á þessari leið orðið torfarur og ma vel vera að alt fari enn ut um þúfur, en að svo stöddu verður að sjá, hvað úr þessu verður, aður en frekar er aðgert. Úr þessu hlytur að fast skorið allra næstu daga, frekar í dag en á morgun.

Hinsvegjar skilst mér, að litlar líkur séu til, að Bretar geti boðið í vörurnar, og þótt ekkert liggi fyrir um það, bendir þó allt til, að ekki sé að hugsa um tilboð frá þeirra hálfu.

Eg þakka þér mjög vel fyrir þínar athuganir og leigbeiningar, og mun taka þar til fylstu íhugunar. Af þeim er alveg ljóst, að hraðann verður að hafa á, og geri ég því ráð fyrir að síma þér skv. bendingum þínum einhverra allra næstu daga um, hvers við óskum af þér. Það fer nokkuð eftir því, hvernig þessari síðustu tilraun um Höfn reiðir af, en sjálfsagt verður þú búinn að heyra frá mér, aður en þú færð þetta bréf.

Rétt er að geta þess, að einhverntíma í des.fékk Jónas Jónsson her á skrifstofunni, gögn varðandi hitaveitu, útboðslysingar o.þ.h. Hann fékk þetta sem bæjarfulltrúi, en grun höfum við um, að hann hafi eftir einhv. sínum samböndum í Ameríku ætlað að lata athuga málið þar. Ef svo er, þá er það eingöngu á hans ábyrgð, en plögginn var ekki hægt að neita honum um, að aliti bæjarraðs.

Þá er það, að skv. áliti próf. Ólafs Lárussonar, þá höfum við heimild til að rifta samn. við H.& Sch., ef illa fari, en auðvitað er það neyðarurræði, enda lagahliðin mjög tvímælum bundin.

Að lokum þakka ég þér svo enn fyrir ómak þitt og áhuga. Þá má heldur ekki gleyma að þakka ykkur frá Agustu jólakveðjurnar, auk alls gamals og góðs. Óska ég að ykkur öllum líði avalt sem best.

Með bestu kveðjum  
þinn einlægur vinur

3839 MASSACHUSETTS AVENUE  
WASHINGTON, D. C.

15. nóvember, 1942

Hr. borgarstjóri  
Bjarni Benediktsson.

Ég vil leyfa mér að færa  
yður, hr. borgarstjóri, mínar beztu  
þakkir fyrir velvild og gestrisni  
mér auðsýnda á meðan ég dvaldi í  
Reykjavík. Var mér mjög mikil ánægja  
að geta og mega taka þátt í hófi því,  
er bæjarstjórn Reykjavíkur bauð mér  
í að Hótel Borg.

Ég vil biðja yður um að færa  
borgarritara og verkfræðingum bæjar-  
ins mínar beztu kveðjur. -

Með beztu óskum,

*Yðar einlægur*

*Thor Thors*

LEGATION OF ICELAND  
WASHINGTON, D. C.

11. maí, 1942.

Gæði vinur,

Oft hefi ég ætlað að skrifa þér, þó ekki væri nema til að óska þér til hamingju með sigurinn í bæjarstjórnarkosningunum, sem öllum ber saman um að mest sé þér að þakka. Ég veit auðvitað, að þú ert ekki fyllilega ánægður með úrslitin, en aðalatriðið er, að meirihlutinn hélst, og bæjarbúar þurfa því enn í fjögur ár að lúta ofríki þínu. Er því gott að vera flúinn úr þeim! Enn stendur ný hríð fyrir dyrum, og gleður það mig innilega að flokkurinn er skeleggur og hefur snúið af sér Tímaklíkuna. Vona ég að þetta endi allt vel.

Útaf mági þínum vil ég vísa til símskeytis míns, og tel ég vafalaust að unnt sé að útvega honum atvinnu í skóverzlun hér í Washington, en þau firmu, sem ég hef snúið mér til hafa sagt, að nauðsynlegt sé að sjá manninn persónulega áður en þau ákveða sig. En ég er ekki í neinum vafa um að þetta er myndarmaður, og þori því að ráðleggja honum að koma, en það er alveg ófrávikjanlegt skilyrði að hann hafi immigration visum, því annars hefur hann ekki leyfi til að taka kaup fyrir vinnu hér í landi.

Ég hef skrifað Tómasi ítarlega útaf drottinum



á skipinu fyrir Hitaveituefnið. Það var leigt hér í marsmánuði, en hvert ólánið hefur rekið annað, og nú í dag er ég í stöðugum eltingarleik við forstjóra War Shipping Administration um að þeir taki yfir skipið og láti framkvæma viðgerðina á því. En úr því sem komið er, er augljóst, að skipið getur ekki verið heima fyr en um miðjan júnímánuð. Ég vona að þetta komi ekki að mikilli sök, en skil að það er óþægilegt.

Ég veit að Ólafur hefur skýrt fyrir þér það hælsta af högum okkar Ágústu hérna og ég hef þar engu við að beta. Ég veit að þú átt í miklum önnum, en hitt veit ég eins vel, að þú hefur gaman af að standa í eldinum.

Ég kveð þig svo með öllum bestu óskum.

Þinn einl.  
Thor Thors